

TILSKIPUN RÁÐSINS 2008/71/EB

2011/EES/10/13

frá 15. júlí 2008

um auðkenningu og skráningu svína (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 92/102/EBE frá 27. nóvember 1992 um auðkenningu og skráningu á dýrum ⁽²⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽³⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽⁴⁾ skal auðkenna dýr, sem stunda á viðskipti með innan Bandalagsins, samkvæmt reglum Bandalagsins og skrá þannig að unnt sé að rekja feril þeirra til bújarðarinnar, miðstöðvarinnar eða fyrirtækisins þaðan sem þau eru upprunnin eða þar sem þau hafa farið í gegn við umflutning. Fram að 1. janúar 1993 þurftu þessi auðkenningar- og skráningarkerfi einnig að ná til flutninga á dýrum innan yfirráðasvæðis hvers aðildarríkis.
- 3) Samkvæmt 14. gr. tilskipunar ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽⁵⁾ skal auðkenning og skráning á slíkum dýrum, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 90/425/EBE, nema þegar um er að ræða dýr til slátrunar og skráð dýr af hestaætt, fara fram að loknu umræddu eftirliti.
- 4) Nauðsynlegt er að tryggja skjót og skilvirk upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna til að þessari tilskipun sé beitt á réttan hátt. Mælt var fyrir um Bandalagsákvæði þar að lútandi með reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 frá 13. mars 1997 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu tolla- og landbúnaðarlaga ⁽⁶⁾ og með tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt ⁽⁷⁾.
- 5) Umsjónarmenn dýra skulu halda uppfærðar skrár yfir dýrin á bújörðum sínum. Aðilar sem koma að viðskiptum með dýr skulu halda skrár yfir viðskipti sín. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að slíkum skrá, sé þess óskað.
- 6) Til þess að unnt sé að rekja flutning dýra fljótt og nákvæmlega verður að vera hægt að bera kennsl á dýrin með merki. Taka skal ákvörðun síðar til þess að ákvarða hvernig merkið skuli vera og uns slík ákvörðun verður tekin er rétt að viðhalda auðkenningarkerfum í hverju landi fyrir sig að því er varðar flutninga sem takmarkast við innanlandsmarkað.
- 7) Gera skal ráðstafanir til að unnt sé að víkja frá kröfum um merki þegar um er að ræða dýr sem eru flutt beint af býli í sláturhús. Þó skulu þessi dýr ávallt auðkennd þannig að unnt sé að rekja upprunabýli þeirra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Álit frá 11. mars 2008 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 355, 5.12.1992, bls. 32. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 21/2004 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

⁽³⁾ Sjá A-hluta I. viðauka.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/33/EB (Stjtið. EB L 315, 19.11.2002, bls. 14).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 352).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 351, 2.12.1989, bls. 34.

- 8) Gera skal ráðstafanir til að unnt sé að víkja frá skráningarskyldunni vegna umsjónarmanna dýra sem halda dýr af persónulegum ástæðum, og, svo að tekið sé tillit til sérstakra tilvika, frá verklagsreglum að því er varðar að halda skrár.
- 9) Setja skal nýtt merki á dýr ef eldra merkið er orðið ólæsilegt eða hefur glatast og verður nýja merkið jafnframt að mynda tengsl við gamla merkið
- 10) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á sértækar kröfur sem settar eru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 89/153/EBE frá 13. febrúar 1989 um tengsl sýna, sem tekin eru til efnaleifarannsóknna, við dýr og upprunabýli þeirra⁽¹⁾ eða aðrar viðeigandi reglur um beitingu sem settar eru í samræmi við tilskipun 91/496/EBE.
- 11) Ákvarða skal málsmeðferð stjórnarnefndar þegar nauðsynlegar framkvæmdarreglur vegna þessarar tilskipunar eru samþykktar.
- 12) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að taka tilskipunina upp í landslög, sem eru settir fram í B-hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun eru settar fram lágmarkskröfur við auðkenningu og skráningu á svínum með þeim fyrirvara að hugsanlega verði settar nákvæmari Bandalagsreglur til að útrýma sjúkdómum eða til að koma í veg fyrir útbreiðslu þeirra.

Hún skal gilda með fyrirvara um ákvörðun 89/153/EBE og framkvæmdarreglur sem mælt er fyrir um í samræmi við tilskipun 91/496/EBE.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „dýr“: öll dýr af svínaætt, að undanskildum villtum svínum eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest⁽²⁾,

- b) „bújörð“: starfsstöð, bygging eða ef um er að ræða býli þar sem búfé gengur úti, hver sá staður þar sem dýr eru haldin, geymd eða meðhöndluð,
- c) „umsjónarmaður“: hver sá einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á dýrum, einnig tímabundið,
- d) „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis, sem er til þess bært að annast heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum, eða hvert annað yfirvald sem stjórnvaldið hefur falið þá ábyrgð í þeim tilgangi að framkvæma tilskipun þessa,
- e) „viðskipti“: viðskipti eins og þau eru skilgreind í 3. lið 2. gr. tilskipunar 90/425/EBE.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að:

- a) lögbært yfirvald hafi í sinni vörslu uppfærða skrá yfir allar bújarðir á yfirráðsvæði þess þar sem dýr, sem falla undir þessa tilskipun, eru haldin, þar sem umsjónarmenn dýranna eru tilgreindir, slíkar bújarðir skulu vera áfram í skránni í þrjú ár eftir að dýrahald er lagt niður á bújörðinni. Í þeirri skrá skal einnig tilgreina merkið eða merkin sem gera það kleift að auðkenna bújörðina í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 5. gr. og 8. gr.,

- b) framkvæmdastjórnin og lögbært yfirvald geti haft aðgang að öllum upplýsingum sem aflað er samkvæmt þessari tilskipun.

2. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 18. gr. tilskipunar 90/425/EBE, að færa ekki á skrá, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, einstaklinga sem eru með eitt dýr, enda sé það einungis ætlað til eigin nota eða neyslu eða, svo að tekið sé mið af sérstökum aðstæðum, að því tilskildu að slíkt dýr sæti eftirliti samkvæmt þessari tilskipun áður en það er flutt.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að allir umsjónarmenn, sem eru tilgreindir í skránni sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 3. gr., haldi skrá þar sem fram kemur fjöldi þeirra dýra sem eru á bújörðinni.

Skráin skal hafa að geyma uppfærðar upplýsingar um flutninga (fjölda dýra sem um er að ræða við hvern aðflutning og hvern brottflutning), a.m.k. á grundvelli samanlagðra flutninga, þar sem tilgreint er, eins og við á, uppruni eða viðtökustaður, og dagsetning slíkra flutninga.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 59, 2.3.1989, bls. 33.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB (Stjtið. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26).

Í öllum tilvikum skal tilgreina auðkennismerkið sem notað er í samræmi við 5. og 8. gr.

Ef um er að ræða hreinræktuð og blönduð svín, sem færð eru í ættbók í samræmi við tilskipun ráðsins 88/661/EBE frá 19. desember 1988 um staðla á sviði dýraræktar sem gilda um kynbótasvín⁽¹⁾, má viðurkenna annað kerfi, sem byggt er á einstaklingsauðkenningu sem gerir kleift að bera kennsl á dýrin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 18. gr. tilskipunar 94/425/EBE ef kerfið veitir sambærilegar tryggingar og skrá.

2. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að:

- a) hver umsjónarmaður veiti lögbæra yfirvaldinu, sé þess óskað, allar upplýsingar um uppruna, auðkenni og, eftir því sem við á, viðtökustað dýra sem hann hefur átt, haldið, flutt, sett á markað eða slátrað,
- b) umsjónarmaður dýra, sem á að flytja til eða frá markaði eða söfnunarstöð, afhendi stjórnanda á markaðinum eða í söfnunarstöðinni, sem tímabundið er umsjónarmaður dýranna, skjal með nánari upplýsingum um viðkomandi dýr.

Sá stjórnandi getur notað skjölin, sem eru fengin í samræmi við fyrstu undirgrein, til þess að standa við skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í þriðju undirgrein 1. mgr.,

- c) skrárnar og upplýsingarnar séu tiltækar á bújörðinni og til reiðu fyrir lögbært yfirvald, sé þess óskað, í lágmarkstíma sem lögbæra yfirvaldið ákveður en þó eigi skemur en í þrjú ár.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi almennar meginreglur séu virtar:

- a) setja skal auðkennismerki á dýrin áður en þau fara frá fæðingarbújörð sinni,
- b) óheimilt er að fjarlægja eða skipta um merki án leyfis lögbæra yfirvaldsins.

Ef merki er orðið ólæsilegt eða hefur glatast, skal setja nýtt merki í samræmi við þessa grein,

- c) umsjónarmaður skal skrá sérhvert nýtt merki í skrána sem um getur í 4. gr. til þess að koma á tengslum við fyrra merki sem sett var á dýrið.

2. Dýr ber að merkja sem fyrst, a.m.k. eigi síðar en fyrir brottför af bújörðinni, með eyrnamerki eða tattóveringu sem gerir kleift að ákvarða frá hvaða bújörð þau eru og sem felur í sér tilvísun til hvers kyns fylgiskjala þar sem getið skal um slíkt eyrnamerki eða tattóveringu og til skrárinnar sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr.

Aðildarríkin geta, þrátt fyrir aðra undirgrein c-liðar 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 90/425/EBE, notast við eigið fyrirkomulag til flutninga á öllum dýrum á yfirráðasvæðum sínum. Fyrirkomulagið verður að vera þannig að hægt sé að bera kennsl á bújörðina sem þau koma frá og bújörðina þar sem þau fæddust. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það fyrirkomulag sem þau hyggjast taka upp í þessu skyni. Í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 18. gr. tilskipunar 90/425/EBE er hægt að fara fram á það við aðildarríki að það geri breytingar á fyrirkomulagi sínu ef það uppfyllir ekki þessa kröfu.

Dýrum, sem eru með bráðabirgðamerki til auðkenningar á vörusendingu, skal í öllum flutningnum fylgja skjal sem gerir kleift að ákvarða uppruna þeirra, eiganda, brottfararstað og viðtökustað.

6. gr.

1. Ef lögbært yfirvald viðtökuaðildarríkis ákveður að halda ekki auðkennismerkinu sem dýrinu hefur verið úthlutað á upprunabújörð, skal allur kostnaður, sem leiðir af því að skipt er um merki, falla á það yfirvald. Þegar þannig hefur verið skipt um merki skal koma á tengslum milli auðkenningarinnar sem lögbært yfirvald í sendingaraðildarríki úthlutaði og nýrrar auðkenningar sem lögbært yfirvald í viðtökuaðildarríki úthlutar. Slíkt tengsl skal færa inn í skrána sem kveðið er á um í 4. gr.

Valkosturinn í fyrstu undirgrein gildir ekki um dýr, sem ætluð eru til slátrunar, sem eru flutt inn í samræmi við 8. gr. án þess að þau beri nýtt merki í samræmi við 5. gr.

2. Þegar dýrin hafa verið seld getur lögbært yfirvald í viðtökuaðildarríki, að því er varðar 5. gr. tilskipunar 90/425/EBE, beitt 4. gr. tilskipunar 89/608/EBE í þeim tilgangi að afla upplýsinga sem varða dýrin, upprunahjörð þeirra og alla þá flutninga sem þau hafa sætt.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 382, 31.12.1988, bls. 36) Tilskipuninni eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1.

7. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að allar upplýsingar sem varða flutninga á dýrum, sem ekki fylgir vottorð eða skjal sem krafist er samkvæmt heilbrigðislöggjöf um dýr og dýraafurðir eða dýrarækt, séu áfram tiltækar lögbæru yfirvaldi, sé þess óskað, í lágmarkstíma sem lögbært yfirvald ákvarðar.

8. gr.

Öll dýr sem flutt eru inn frá þriðja landi, sem hafa staðist eftirlitið sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/496/EBE og eru áfram á yfirráðasvæði Bandalagsins, skulu, innan þrjátíu daga frá því þau gengust undir slíkt eftirlit og í öllum tilvikum áður en þau eru flutt, auðkennd með merki sem uppfyllir 5. gr. þessarar tilskipunar nema viðtökubújörðin sé sláturhús á yfirráðasvæði lögbærs yfirvalds, sem ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum, og dýrinu sé slátrað áður en sá 30 daga frestur er liðinn.

Koma skal á tengslum milli auðkenningarinnar sem þriðja land hefur fastsett og auðkenningarinnar sem viðtökuaðildarríki hefur úthlutað dýrinu. Slík tengsl skal færa inn í skrána sem kveðið er á um í 4. gr.

9. gr.

Aðildarríki skulu samþykka nauðsynlegar stjórnsýsluráðstafanir og/eða refsingar til að refsa fyrir öll brot á heilbrigðislöggjöf Bandalagsins um dýr og dýraafurðir þegar fyrir liggur að merking eða auðkenning eða skráahald, sem kveðið er á um í 4. gr., hafi ekki verið innt af hendi í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

10. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

11. gr.

Tilskipun 92/102/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem skráðar eru í A-hluta I. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að taka tilskipunina upp í landslög sem eru tilgreindir í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

12. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

13. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. júlí 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BARNIER

forseti.

*I. VIÐAUKI***A-HLUTI****Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar**

(sem um getur í 11. gr.)

Tilskipun ráðsins 92/102/EBE

(Stjtið. EB L 355, 5.12.1992, bls. 32)

Liður V.E.I.4.6 í I. viðauka við aðildarlögin frá 1994

(Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21.)

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004

eingöngu 15. gr.

(Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8)

B-HLUTI**Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum**

(sem um getur í 11. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar ⁽¹⁾
92/102/EBE	31.12.1993 ⁽²⁾
	31.12.1995 ⁽³⁾

⁽¹⁾ Frestur til lögleiðingar í aðildarríkjunum til 1. janúar 1994 hefur ekki áhrif á afnám heilbrigðiseftirlits með dýrum og dýraafurðum við landamæri sem kveðið er á um í tilskipun 90/425/EBE (sjá 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 92/102/EBE).

⁽²⁾ Fyrir kröfur sem varða svín (sjá fyrsta undirlíð 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 92/102/EBE).

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 92/102/EBE	Þessi tilskipun
1., 2. og 3. gr.	1., 2. og 3. gr.
a-liður 1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr
2. mgr. 4. gr	—
3. mgr. 4. gr	2. mgr. 4. gr
a-, b- og c-liður 1. mgr. 5. gr.	a-, b- og c-liður 1. mgr. 5. gr.
d-liður 1. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr	2. mgr. 5. gr
6. til 9. gr.	6. til 9. gr.
10. gr.	—
1. mgr. 11. gr	—
2. mgr. 11. gr	10. gr.
3. mgr. 11. gr	—
—	11. gr.
—	12. gr.
12. gr.	13. gr.
—	I. viðauki
—	II. viðauki